

Sjötta lota - Áræðni; Kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Í upphafi sjöttu lotu er vorið komið og tími til að njóta lífsins af krafti. Þessi lota er krefjandi fyrir kennara því þeir þurfa að leyfa sér að sleppa sér aðeins, losa um orkuna með því að öskra upp í vindinn, ganga berfættir úti, gera óvenjulega hluti og stíga út fyrir þægindahringinn sinn.

Í fyrstu lotu æfum við meðal annars eftirfarandi þætti. Þið getið einnig beint athygli að þessu heimavið.

1. Að gera eitthvað óvenjulegt

Í sjöttu lotunni vinnum við að óvenjulegum verkefnum. Það skiptir ekki endilega máli hvað er gert heldur er lögð áhersla á upplifunina sjálfa; að börn og kennarar deili nýrri lífsreynslu. Sú nýja reynsla er sterkari upplifun ef hún er tengd skilningarvitunum (s.s. heyrn, snertingu, sjón, lykt)

→ Heimavið getið þið til dæmis málað andlit hvors annars eða farið berfætt út á grasið eftir regnskúr... já eða meðan það rignir.

2. Hreyfing og íþróttir

Á vorin er markmiðið að boðið sé upp á fjölbreytt verkefni sem tengjast hreyfingu og íþróttum.

→ Heima getið þið einnig prófað margvíslega hreyfileiki eða íþróttir. Ef barninu líkar ekki eitthvað getið þið haldið áfram að fíkra ykkur áfram með nýjar íþróttir ef jákvæðnin er í fyrirrúmi.

3. Tjáning, dans og tónlist

Dans og tónlist er góð leið til að styrkja tjáningu barna. Börnin geta prófað að semja texta sjálf, semja dans við lagið sitt og bjóða svo öðrum að sjá vel æft skemmtiatriði.

→ Heima getið þið til dæmis boðið barninu að dansa með ykkur við uppáhaldstónlistina ykkar. Þið getið líka prófað að semja ykkar eigið ljóð eða lag.

4. Að þjálfra leiðtogaþæfileika

Við þjálfum börnin í að taka ákvarðanir og bera ábyrgð í gegnum margvísleg verkefni.

→ Heima getið þið boðið barninu að taka ábyrgð á vel afmörkuðum verkefnum, til dæmis að ganga frá eftir máltíðir. Það getur líka verið skemmtilegt að bjóða barninu að taka ákvörðun um það hvað fjölskyldan ætti að taka sér fyrir hendur, spil eða leiki.

5. Að standa fyrir máli sínu og rökræða

Börnin fá tækifæri til að standa fyrir máli sínu. Við hvetjum börnin til að deila skoðunum sínum en einnig til að hlusta á skoðanir annarra.

→ Heimafyrir má til dæmis spyrja barnið hvað það lærði í skólanum. Þið getið einnig rætt áhugamál ykkar og barnsins. Á þennan hátt lærir barnið að tjá sig um sínar skoðanir og lærir á sama tíma að fólk á ólík áhugamál og að það er allt í lagi.

6. Frumkvæði

Í skólanum fá börnin þjálfun í að sýna frumkvæði. Við notum spurninguna: "Hvernig getur þú leyst þetta á eigin spýtur?" Til að vinna að lausnum á málum getur verið að barnið þurfi aðstoð en hugmyndin er að barnið finni lausnina sjálft.

→ Heima getið þið prófað að nota sömu spurninguna: „Hvernig getur þú leyst þetta mál sjálf/ur?“

7. Notkun verkfæra

Við lærum að nota ólík verkfæri við smíðir og viðhald, undir ströngu eftirliti fullorðinna.

→Heima getið þið til dæmis smíðað blómakassa eða saumað sundpoka með barninu. Hvað er gert skiptir ekki máli, aðalatriðið er að prófa að nota ný verkfæri.

8. Að hafa áhrif á umhverfið

Við lærum að það sem við gerum hefur áhrif á umhverfið og við getum valið með hvaða hætti við viljum hafa áhrif.

→Heima getur verið einfalt að flokka sorp til endurvinnslu. Það er einföld og skýr aðferð til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

Áræðnilota – Hrós og hvatning


Að nota viðeigandi hrós sem leggur áherslu á það sem verið er að efla með barninu þá stundina er skilvirkasta leiðin í átt að árangri. Hér eru hugmyndir til að hvetja börn á meðan á fyrstu lotu stendur.

Kjarkur – Þú þorðir... FRÁBÆRT!

Kraftur - Flott – þú ert að nota kraftinn þinn!

Virgni – Áfram - þú stendur þig vel!

Frumkvæði – Finnurðu hvað þér gengur vel þegar þú notar þína aðferð?



Funded by the European Commission [Daphne III program](#).

European Commission is not responsible for the implementation and the content of the project.

Sjötta lota - Færni

Ræðið við barnið hvaða eiginleika hún/hann þarf að æfa meðan á fyrstu lotunni stendur og veljið eitthvað sem lítur að kjarki, virkni eða frumkvæði.

Ákveðið saman á hvaða hátt þið ætlið að fagna árangri ef hann næst.

Þið getið innsiglað samning með undirskrift og þannig aukið mikilvægi þessarar ákvörðunar fyrir barn og foreldra.



Færni:



Verðlaun í lok lotunnar:



Undirskriftir: